

Fundur í stjórn Listasafns Árnesinga, haldinn í Listasafni Árnesinga 29. september 2025, kl. 8:15

Mætt eru:

Anna Ír Gunnarsdóttir, formaður, Kristín Scheving, safnstjóri, Njörður Sigurðsson, og Bjarni H. Ásbjörnsson sem skrifaði fundargerð.

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Fjárhagsáætlun 2026

Kristín fór yfir drög að fjárhagsáætlun listasafnsins fyrir árið 2026. Hún byggir á rekstri safnsins sem er nokkuð föstum skorðum. Hækkun er í takti við áætlaðar verðlagshækkanir. Viðhaldskostnaður hússins verður ekki umflúinn lengur og ber fjárhagsáætlun mið að því. Stjórn samþykkir framlög drög að fjárhagsáætlun til afgreiðslu í hérðasnefnd.

2. Bókhald f. safnið?

Vinna við bókhald safnsins flyst til nýs aðila eftir áramót. Unnið er að því að finna nýjan aðila til að halda utan um bókhald safnsins.

3. Sýningar framundan og starf safnsins

Kristín sagði frá því að Listasafn Árnesinga hefur áunnið sér gott orðspor og listamenn sækjast eftir því að setja upp sýningar í húsinu, bæði innlendir og erlendir listamenn. Framundan eru uppsetningar á spennandi sýningum, sem fyrr. Nýlega opnaði einkasýning fimm ólíkra listamanna í húsinu sem hefur fengið góða aðsókn.

4. Þakviðgerðir – staða máls


Undirbúningur að verðkönnun fyrir viðhaldi á þaki byggingarinnar hefur dregist og fyrirhugaðar framkvæmdir þar af leiðandi. Fyrir liggur að viðhaldskostnaður verður allnokkur.

5. Önnur mál


Safninu hafa borist veglegar gjafir frá listamönnum sem hafa haldið sýningar í safninu. Safnstjóri hefur veitt þeim viðtöku og þakkar stjórn kærlega fyrir höfðingsskapinn. Farskóli safna og safnmanna verður á ferðinni í héraði í byrjun október og heimsækir listasafnið.

Fleira var ekki gert. Fundi slitið kl. 9:25.



N.S.
Bjarni



Anna Ír Gunnarsdóttir formaður



Bjarni H. Ásbjörnsson



Njörður Sigurðsson



Kristín Scheving, safnstjóri.